

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2019
UST201903-243/A.B.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - brotamálmur - Tinhella 8

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna áforma Brotajárn og málmar ehf. á móttöku og vinnslu allt að 20.000 tonna á ári af brotamálmi.

Brotajárn og málmar ehf. (hér eftir framkvæmdaaðili) áforma að hefja starfsemi við móttöku og vinnslu brotamálms að Tinhellu 8 í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að starfsemin geti tekið á móti allt að 20.000 tonnnum á ári af brotamálmi. Brotamálmurinn kemur aðalega frá niðurrifi bygginga og úreldingu tækjabúnaðar iðnfyrirtækja. Starfsemin felst í móttöku, flokkun og vinnslu brotamálms áður en hann er fluttur erlendis í endurvinnslu.

Tilgangur og markmið framkvæmdarinnar er að byggja upp sérhannað svæði fyrir móttöku og vinnslu brotamálma sem uppfyllir nútíma kröfur um aðstæður og aðbúnað þar sem notast verður við nýjustu og bestu tækni.

Í greinargerð kemur fram að uppbygging og staðsetning starfseminnar er í Kapelluhrauni að Tinhellu 8 í Hafnarfirði og er lóðin 8079,1 m². Starfsemin er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og í samræmi við deiliskipulag fyrir svæðið sem var samþykkt árið 2007. Skipulagssvæðið er í nálægð við Vallahverfi sem er íbúðarhverfi í Hafnarfirði.

Hraun og birkikjarr

Í greinargerð er landslagi og umhverfi ekki lýst, en samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er þar hraun, mosahraunavist sem hefur miðlungs verndargildi og birkikjarr. Umhverfisstofnun telur að hraunið á framkvæmdasvæðinu falli undir a. lið 2. mgr. og birki falli undir b. lið. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin mun hafa varanleg áhrif á jarðminjar og að áhrif framkvæmdarinnar verði því talsvert neikvæð og óafturkræf.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er farið í valkostagreiningu í matskyldufyrirspurninni þar sem mismunandi svæði eru skoðuð til að koma í veg fyrir rask á jarðmyndunum og gróðri.

Gróðurfar og lífríki

Í greinargerðinni er ekki fjallað um gróðurfar og dýralíf á svæðinu og ekki metið hver áhrif framkvæmdanna og starfseminnar eru á ofangreinda þætti. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er mosahraunavist ríkjandi á svæðinu og þar kemur einnig fram að í mosahraunavist er frekar rýrt fuglalíf.

Auk þess kemur ekki fram í greinargerð hvort þurfi að fara í mótvægisáðgerðir og vöktun vegna áhrifa á gróðurfar og dýralíf vegna framkvæmdanna og starfseminnar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt til að forðast talsverð umhverfisáhrif og að gróðurrask verði sem allra minnst, staðargróður verði endurheimtur eftir að framkvæmdum lýkur, unnið verði eftir vöktunaráætlun varðandi endurheimt á staðargróðri sem og mótvægisáðgerðir.

Frárennsli

Í greinargerð kemur fram að allt frárennsli af vinnsluþönum og af gólfum í skemmu verður leitt í sandföng og olíugildru og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og ákvæði í starfsleyfi.

Í greinargerð kemur auk þess fram að málmurinn sem unnið er með flokkast ekki sem spilliefni og því ekki gert ráð fyrir neinni losun spilliefna út í umhverfið.

Móttaka úrgangs

Í greinargerðinni kemur fram að eingöngu verði unnið með óvirkan úrgang og lítilsháttar magn af óvirkum fínefnum geti borist frá brotamálmunum í niðurföll. Umhverfisstofnun bendir á að óvirkur úrgangur er, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega. Brotamálmur fellur ekki undir þessa skilgreiningu á óvirkum úrgangi.

Fram kemur í greinargerðinni að eftir að brotamálmurinn kemur á svæðið verði aðskotahlutir hreinsaðir frá. Síðar í greinargerðinni eru þessir aðskotahlutir kallaðir fastur úrgangur. Ekki er ljóst hverjir þessir mögulegu aðskotahlutir eru og er erfitt að sjá hvernig fyrirtækið getur tryggt að ekki berist spilliefni eða önnur mengandi efni inn á svæðið á þennan máta.

Hávaði

Í greinargerð kemur fram að einhver hávaði mun koma frá vinnuvélum og vinnslu brotamálmsins. Fram kemur í greinargerð að framkvæmdaraðili mun leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni eins og kostur er, þannig að hann verði undir þeim mörkum sem gefin eru upp í íslenskum reglugerðum og þeim kröfum sem gerðar verða í starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að óljóst er hvað er átt við með „einhver hávaði“, ekki er fjallað um eftir hvaða reglugerðum verður unnið og ekki er tilgreint eftir hvaða vöktunar- og mótvægisáðgerða verður unnið.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eru mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á iðnaðar og athafnarsvæði 70 dB og huga þarf að því að starfsemin sé innan þessara marka.

Vinnsluferlið og loftmengun

Í greinargerðinni kemur fram að flokkaður málmur er rúmmálsminnkaður með klippum ef með þarf. Auk þess kemur fram að vinnslan fer fram með færanlegum búnaði.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerðinni kemur ekki skýrt fram hvaða aðferðum verði beitt við rúmmálsminnkun á málm broti og því umhverfisáhrif starfseminnar óljós. Umhverfisstofnun telur að þegar málm brot eru tætt með tættara og/eða klippum geti orðið umtalsverð loftmengun þar sem málmryk berst í andrúmsloftið og þar af leiðandi geta orðið umtalsverð umhverfisáhrif. Ekki kemur nægilega skýrt fram í greinargerðinni hvaða tækni verði beitt við rúmmálsminnkunina.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að horfa til reynslunnar af sambærilegri starfsemi hér á landi gegnum ári um hvort og þá hvernig umhverfisáhrif hafa verið af völdum svona starfsemi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að á iðnaðarsvæðinu við Kapelluhraun er móttökustöð fyrir málm brot og mikil önnur mengandi starfsemi og samkvæmt skýrslunni „*Vöktun þungmálma og brennisteins í mosa á Íslandi 1990 – 2015- Áhrif frá iðjuverum og eldvirkni*“ frá 2018 eftir Sigurð H. Magnússon, gefin út af Náttúrufræðistofnun Íslands, kemur fram að við iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni í Hafnarfirði er talsverð mengun en þar hefur mælst hlutfallslega hár styrkur margra efna (Cr, Cu, Fe, Pb) sem líklega má rekja til málm iðnaðar á svæðinu.

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um hugsanleg samlegðaráhrif starfseminnar vegna hljóðvistar og mengunar með annarri starfsemi sem nú þegar eru á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að mikilvægt að samlegðaráhrif séu skoðuð þar sem önnur mengandi starfsemi er á iðnaðarsvæðinu og að iðnaðarsvæðið liggur að íbúðarbyggð.

Leyfisveitingar

Fram kemur í greinargerðinni að starfsemin sé háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti-Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði, skv. gr. 8.5 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þar sem í greinargerðinni kemur ekki

fram afkastageta á dag né nákvæmlega hvaða tækni verði notuð við meðferð málmúrgangs ekki ljós hvort þessi flokkun sé rétt og mögulega á starfsemin heima í I. viðauka reglugerðarinnar.

Niðurstaða


Umrædd framkvæmd fjallar um framkvæmdaaðili áforma að hefja starfsemi við móttöku og vinnslu brotamálms að Tinhellu 8 í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að starfsemin geti tekið á móti allt að 20.000 tonnum á ári af brotamálmi. Brotamálmurinn kemur aðalega frá niðurrífi bygginga og úreldingu tækjabúnaðar iðnfyrirtækja. Starfsemin felst í móttöku, flokkun og vinnslu brotamálms áður en hann er fluttur erlendis í endurvinnslu.

Staðsetning framkvæmdarinnar er í Kapelluhrauni og bendir stofnunin á að ekki er fjallað um 61. gr. náttúruverndarlaga í greinargerð og ekki er fjallað um hver áhrif framkvæmdanna verða á nútímahraun og birki sem njóta verndar. Umhverfisstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki jarðminjum og birkitrjám. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin mun hafa varanleg og óafturkræf áhrif á jarðminjar og geti því hafi talsvert neikvæð umhverfisáhrif að því leiti. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er farið í valkostagreiningu í matskyldufyrirspurninni þar sem mismunandi svæði eru skoðuð til að koma í veg fyrir rask á jarðmyndunum og gróðri.

Ekki er ljóst hverjir mögulegir aðskotahlutir eru sem fjallað er um og er óljóst hvernig fyrirtækið getur tryggt að ekki berist spilliefni eða önnur mengandi efni inn á svæðið.


Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð kemur ekki skýrt fram hvaða aðferðum verði beitt við rúmmálsminnkun á málm broti og því umhverfisáhrif starfseminnar óljós. Umhverfisstofnun telur að þegar málm brot eru tætt með tætara og/eða klippum geti orðið umtalsverð loftmengun þar sem að málmryk berst í andrúmsloftið sem getur valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum, en ekki er ljós nákvæmlega hvaða tækni verður notuð við vinnsluna. Þar sem ekki kemur fram afkastageta á dag né nákvæmlega hvaða tækni verði notuð við meðferð málmúrgangs ekki ljóst hvernig starfsemi flokkast í skv. reglugerð 550/2018.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina háða mati á umhverfisáhrifum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur